

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Eygló Harðardóttur um tíðni kynsjúkdóma hjá börnum og ungmennum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver hefur tíðni kynsjúkdóma verið hjá börnum og ungmennum á síðustu tíu árum? Svar óskast sundurliðað eftir aldursbili, þ.e. 10 ára og yngri, 11–15 ára, 16–20 ára og 21–25 ára, og eftir kynsjúkdómum.*

Samkvæmt upplýsingum frá sóttvarnalækni eru klamydía, lekandi og sárasótt tilkynningarskyldir kynsjúkdómar. Aðrir sjúkdómar, sem einnig eru tilkynningarskyldir og geta eftir atvikum smitast með kynmökum, eru HIV-sýking og lifrabólga B og C, en þeir falla að miklu leyti utan þeirra aldursbila sem um er spurt og því ekki gerð nánari skil hér. Kynfæravörtur af völdum HPV-veiru flokkast einnig sem kynsjúkdómur en þær eru skráningarskyldar sem þýðir að persónugreinanlegar upplýsingar liggja ekki fyrir um einstaklinga með kynfæravörtur. Hér á eftir er byggt á upplýsingum frá sóttvarnalækni og miðað við aldursflokka í skýrslum sóttvarnalækni sem eru: yngri en eins árs, 1–4 ára, 5–9 ára, 10–14 ára, 15–19 ára og 20–24 ára.

Af tilkynningarskyldum sjúkdómum er klamydía algengust. Nýgengi klamydíusýkinga hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin 20 ár, en heldur hefur dregið úr henni meðal kvenna undanfarin 6 ár. Á árinu 2016 greindist klamydíusmit hjá 1.965 einstaklingum. Af þeim sem eru yngri en 25 ára eru karlar flestir í aldurshópnum 20–24 ára en meðal kvenna eru flestar í aldurshópnum 15–19 ára. Klamydíusmit eru afar fátíð meðal þeirra sem eru yngri en 15 ára hjá báðum kynjum eins og kemur fram í töflum 1, 2, 3 og 4. Á hverju ári greinist klamydía hjá stöku börnum sem hafa smitast af móður við fæðingu en börnin fá einkenni augnsýkingar og/eða lungnabólgu.

Tafla 1.

Aldur	Klamydía – karlar										
	Fjöldi tilfella										
2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	
<1	1	3	2	5	4	4	1	2	2	1	
1–4											
5–9		1									
10–14			1	1	1	1		1		1	
15–19	125	147	157	222	184	153	130	161	103	139	150
20–24	284	255	273	396	400	379	341	416	301	347	357
Samtals	410	406	433	624	589	537	472	580	406	488	508

Tafla 2.

<b>Klamydía – karlar</b>											
<b>Á 10.000 íbúa</b>											
<b>Aldur</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>
<1	4	13	8	20	16	17	4	9	9	5	0
1–4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5–9	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0
10–14	0	0	1	1	1	1	0	1	0	1	1
15–19	107	123	129	182	153	128	110	139	90	123	133
20–24	257	227	228	336	338	311	274	330	236	270	278
<b>Samtals</b>	<b>73</b>	<b>72</b>	<b>75</b>	<b>108</b>	<b>102</b>	<b>93</b>	<b>81</b>	<b>100</b>	<b>70</b>	<b>84</b>	<b>87</b>

Tafla 3.

<b>Klamydía – konur</b>											
<b>Fjöldi tilfella</b>											
<b>Aldur</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>
<1	2	4	3	1	5	2	2	2	1	2	1
1–4											
5–9											
10–14	9	9	11	14	14	4	8	2	2	2	1
15–19	375	428	450	598	534	500	419	460	295	412	415
20–24	338	344	337	432	482	493	479	506	451	483	410
<b>Samtals</b>	<b>724</b>	<b>785</b>	<b>801</b>	<b>1045</b>	<b>1035</b>	<b>999</b>	<b>908</b>	<b>970</b>	<b>749</b>	<b>899</b>	<b>827</b>

Tafla 4.

<b>Klamydía – konur</b>											
<b>Á 10.000 íbúa</b>											
<b>Aldur</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>
<1	9	19	13	4	20	9	9	9	5	10	5
1–4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5–9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
10–14	8	8	10	13	13	4	8	2	2	2	1
15–19	340	378	390	511	466	442	374	417	271	380	383
20–24	318	320	298	383	422	424	407	423	372	398	338
<b>Samtals</b>	<b>135</b>	<b>145</b>	<b>145</b>	<b>188</b>	<b>186</b>	<b>180</b>	<b>164</b>	<b>174</b>	<b>134</b>	<b>162</b>	<b>149</b>

Tilkynningum til sóttvarnalæknis um lekanda fjölgaði nokkuð upp úr 2005. Framan af var nýgengi sjúkdómsins sambærilegt hjá báðum kynjum en frá 2013 hefur lekandatílfellum meðal karlanna fjölgað mjög en einungis lítillega meðal kvenna, eins og kemur fram í töflum 5, 6, 7 og 8. Á árinu 2016 greindust 86 tilfelli, sem er nánast tvöföldun frá fyrri árum. Meðalaldur þeirra sem greindust á árinu 2016 var 24 ár (15–55 ár) hjá báðum kynjum, en karlar voru í miklum meiri hluta. Talið er að smit tengist samkynhneigð í yfir 70% tilfella. Af þeim sem greinast yngri en 25 ára eru karlar flestir í aldurshópnum 20–24 ára og það sama á við um konur. Lekandi er afar fátíður meðal þeirra sem eru undir 15 ára aldri, en árin 2007 og 2008 greindist lekandi hjá þremur stúlkum í aldurshópnum 10–14 ára og árið 2015 greindist sjúkdómurinn hjá einu barni undir eins árs aldri.

Tafla 5.

<b>Lekandi – karlar</b>											
<b>Fjöldi tilfella</b>											
<b>Aldur</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>
<1								1			
1–4											
5–9											
10–14											
15–19		5	2	6	1		1		1		
20–24	11	9	6	7	1	7	3	3	3	16	20
<b>Samtals</b>	<b>11</b>	<b>14</b>	<b>8</b>	<b>13</b>	<b>2</b>	<b>7</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>16</b>	<b>20</b>

Tafla 6.

<b>Lekandi – karlar</b>											
<b>Á 10.000 íbúa</b>											
<b>Aldur</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>
<1	0	0	0	0	0	0	0	4	0	0	0
1–4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5–9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
10–14	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
15–19	0	4	2	5	1	0	1	0	1	0	0
20–24	10	8	5	6	1	6	2	2	2	12	16
<b>Samtals</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>3</b>

Tafla 7.

<b>Lekandi – konur</b>											
<b>Fjöldi tilfella</b>											
<b>Aldur</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>
<1											
1–4											
5–9											
10–14		2	1								
15–19	3	4	10	4		1		1	1		
20–24	7	9	10	6	2	2	1	4	4	1	7
<b>Samtals</b>	<b>10</b>	<b>15</b>	<b>21</b>	<b>10</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>5</b>	<b>5</b>	<b>1</b>	<b>7</b>

Tafla 8.

<b>Lekandi – konur</b>											
<b>Á 10.000 íbúa</b>											
<b>Aldur</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>
<1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1–4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5–9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
10–14	0	2	1	0	0	0	0	0	0	0	0
15–19	3	4	9	3	0	1	0	1	1	0	0
20–24	7	8	9	5	2	2	1	3	3	1	6
<b>Samtals</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>

Síðastliðiðinn áratug greindust 1–7 einstaklingar árlega með sárásótt á Íslandi. Skyndileg aukning varð á sárásóttartilfellum hér á landi árið 2014 eins og sést í töflum 9, 10, 11 og 12. Á árinu 2016 greindust 33 tilfelli af sárásótt en árin 2014 og 2015 greindust 23 tilfelli hvort árið um sig. Af þeim sem greindust með sjúkdóminn árið 2016 voru 88% karlmenn sem stunda kynlíf með öðrum körlum líkt og árin á undan. Af þeim sem yngri eru en 25 ára eru karlar flestir í aldurshópnum 20–24 ára og það sama á við um konur. Enginn karlmaður greindist undir 20 ára aldri á tímabilinu en ein kona greindist í aldurshópnum 15–19 ára árið 2009 og önnur stúlka í aldurshópnum 10–14 ára greindist árið 2010.

Tafla 9.

<b>Sárásótt – karlar</b>											
<b>Fjöldi tilfella</b>											
<b>Aldur</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>
<1											
1–4											
5–9											
10–14											
15–19											
20–24				1		1		2		2	3
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>3</b>

Tafla 10.

<b>Sárásótt – karlar</b>											
<b>Á 10.000 íbúa</b>											
<b>Aldur</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>
<1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1–4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5–9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
10–14	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
15–19	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
20–24	0	0	0	1	0	1	0	2	0	2	2
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>

Tafla 11.

<b>Sárásótt – konur</b>											
<b>Fjöldi tilfella</b>											
<b>Aldur</b>	<b>2006</b>	<b>2007</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>	<b>2011</b>	<b>2012</b>	<b>2013</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>
<1											
1–4											
5–9											
10–14					1						
15–19				1							
20–24	1			3	1		1	3		2	
<b>Samtals</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>

Tafla 12.

## Sárasótt – konur

Á 10.000 íbúa

Aldur	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
<1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
1–4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
5–9	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
10–14	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0
15–19	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0
20–24	1	0	0	3	1	0	1	3	0	2	0
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>

Kynfæravörtur af völdum HPV eru ekki tilkynningarskyldar hér á landi. Þær eru hins vegar skráningarskyldar sem þýðir að safnað hefur verið tölfræðilegum upplýsingum frá heilsugæslustöðvum frá árinu 2011, eins og sést í töflum 13, 14, 15 og 16. Greining á kynfæravörtum undir 25 ára aldri er algengust í aldurshópnum 20–24 ára meðal karla og var einnig hæst í þeim aldurshópi meðal kvenna árið 2011. Sú marktæka breyting hefur þó orðið á að dregið hefur verulega úr kynfæravörtum meðal kvenna eftir árið 2011 en þá hófst almenn bólusetning gegn leghálskrabbameini af völdum HPV hjá stúlkum við 12 ára aldur. Þótt bóluefnið gegn HPV sem veldur leghálskrabbameini beinist að öðrum HPV-veirum en þeim sem valda vörtum er vitað að áhrif bóluefnisins ná líka til vörtuveiranna. Kynfæravörtur eru afar sjaldgæfar hjá einstaklingum undir 15 ára aldri.

Tafla 13.

## Kynfæravörtur – karlar

Fjöldi tilfella

Aldur	2011	2012	2013	2014	2015	2016
<1						
1–4						1
5–9	1	1				
10–14						
15–19	40	37	34	28	27	30
20–24	128	143	117	95	95	97
<b>Samtals</b>	<b>169</b>	<b>181</b>	<b>151</b>	<b>123</b>	<b>122</b>	<b>128</b>

Tafla 14.

## Kynfæravörtur – karlar

Á 10.000 íbúa

Aldur	2011	2012	2013	2014	2015	2016
<1	0	0	0	0	0	0
1–4	0	0	0	0	0	1
5–9	1	1	0	0	0	0
10–14	0	0	0	0	0	0
15–19	34	31	29	25	24	27
20–24	105	115	93	74	74	76
<b>Samtals</b>	<b>29</b>	<b>31</b>	<b>26</b>	<b>21</b>	<b>21</b>	<b>22</b>

Tafla 15.

## Kynfæravörtur – konur

Fjöldi tilfella

Aldur	2011	2012	2013	2014	2015	2016
<1						
1–4	1					
5–9						1
10–14	3		1			
15–19	99	76	52	60	37	39
20–24	126	78	65	66	53	48
<b>Samtals</b>	<b>229</b>	<b>154</b>	<b>118</b>	<b>126</b>	<b>90</b>	<b>88</b>

Tafla 16.

## Kynfæravörtur – konur

Á 10.000 íbúa

Aldur	2011	2012	2013	2014	2015	2016
<1	0	0	0	0	0	0
1–4	1	0	0	0	0	0
5–9	0	0	0	0	0	1
10–14	3	0	1	0	0	0
15–19	88	68	47	55	34	36
20–24	108	66	54	54	44	40
<b>Samtals</b>	<b>41</b>	<b>28</b>	<b>21</b>	<b>23</b>	<b>16</b>	<b>16</b>